

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 2016 í máli nr. E-2049/2015:

AFL - sparisjóður ses.

(Bragi Björnsson hdl.)

gegn

Jóhannesi Helga Einarssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

og

Kára Kort Jónssyni

Mál þetta var höfðað gegn Jóhannesi Helga Einarssyni með stefnu birtri 29. maí 2015 og gegn Kára Kort Jónssyni með sakaukastefnu birtri 15. júní 2015. Málið var dómtekið 20. apríl sl.

Stefnandi er AFL - Sparisjóður ses., Aðalgötu 34, Siglufirði.

Stefndu eru Kári Kort Jónsson, Krummahólum 2, Reykjavík og Jóhannes Helgi Einarsson, Fagrahjalla 60, Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda sameiginlega (in solidum) skuld að fjárhæð 5.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 5.000.000 kr. frá 16. maí 2015 til greiðsludags. Auk þess er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefnda Jóhannesar Helga er krafist sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar.

Af hálfu Kára Kort var ekki tekið til varna.

Upphaflega var stefnandi AFL - sparisjóður ses. Í byrjun aðalmeðferðar lagði lögmaður stefnanda fram bókun þar sem fram kemur að Arion banki hafi nú tekið við öllum réttindum og skyldum sparisjóðsins. Bankinn tók við aðild málsins og var það bókað í þingbók.

I.

Málavextir

Stefnandi byggir kröfu sína á tryggingarvíxli, útgefnum og framseldum af stefnda Jóhannesi Helga þann 15. janúar 2009, að fjárhæð 5.000.000 kr. Víxillinn er án afsagnar. Gjaldldagi víxilsins er 27. febrúar 2015 og var samþykktur til greiðslu af Ánanaustum ehf. Þá var hann ábektur af stefnda Kára Kort. Fyrir liggur að Ánanaust ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 12. september 2013 og var því ekki stefnt. Skiptum lauk 14. mars 2014.

Á viðfestri yfirlýsingu/umboði vegna yfirdráttarheimildarinnar kemur fram að víxillinn sé óútfylltur (in blanco) að því er varðar útgáfudag og gjalddaga en að fjárhæð 5.000.000 kr. Víxillinn sé afhentur Afli - Sparisjóði til tryggingar viðskiptum við Ánanaust ehf. sem séu vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi nr. 4810. Afli - Sparisjóði sé hér með veitt umboð til að formgilda víxilinn með því að rita á hann útgáfudag og gjalldaga verði um vanskil að ræða af hálfu tékkareikningshafa og innheimta hann með venjulegum hætti. Yfirlýsingin er dagsett á Siglufirði 15. janúar 2009 og undirrituð af hálfu samþykkjanda og af stefndu.

Er krafa var gerð um greiðslu víxilfjárhæðarinnar með innheimtubréfi dags 16. apríl 2015 nam yfirdrátturinn 8.917.484 kr. Krafan fékkst ekki greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir kröfu sína á fyrrgreindum víxli sem var til tryggingar skuld Ánanausta ehf. Skuldin hafi ekki fengist greidd. Vísar stefnandi til víxillaga nr. 93/1993, einkum 7. kafla laganna um fullnustu vegna greiðslufalls. Sé málið rekið samkvæmt 17. kafla laga 91/1991, um meðferð einkamála. Þá gerir stefnandi kröfu um dráttarvexti mánuði eftir dagsetningu innheimtuviðvarana til stefndu.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að hinn umdeildi víxill hafi ekki verið sýndur til greiðslu á réttum stað og varði það missi víxilréttar gagnvart stefnda. Bendir hann á að víxillinn sé ekki útfylltur með greiðslustað. Í stefnu staðfesti stefnandi að víxillinn hafi verið til greiðslu á gjalddaga hjá stefnanda sem sé með starfsstöð að Aðalgötu 34, Siglufirði. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. víxillaga segi að sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skuli sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn greiðslustaður víxilsins og skal þessi staður þá einnig talinn heimili greiðanda. Samkvæmt þessari lagagrein var réttur greiðslustaður Sólvallagata 84 Reykjavík, heimili Ánanausta ehf.

Af 4. gr. víxillaga verður ráðið að handhafi „opins víxils“, þ.e. sýningarvíxils eða víxils án gjalddaga til útfyllingar af víxilhafa, stendur frammi fyrir því að taka ákvörðun við gjaldþrot samþykkjanda víxils. Telja megi að við gjaldþrot falli víxillinn í gjalddaga. Telur stefndi að þar sem víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu með réttu á heimilsfangi samþykkjanda í Reykjavík, heldur á starfsstöð stefnanda á Siglufirði, hafi víxilréttur stefnanda gagnvart stefnda fallið niður fyrir vangeymslu. Því beri að sýkna hann af öllum dómkröfum og dæma til greiðslu málskostnaðar.

IV.

Niðurstaða

Mál þetta er rekið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla víxillaga nr. 93/1933. Stefnandi hefur ekki samþykkt frekari varnir en þær sem tilgreindar eru í 118. gr., sbr. 1. mgr. 119. gr. laganna

Eins og fram kom í skýrslu stefnda Jóhannesar Helga var hinn umdeildi víxill afhentur stefnanda með undirritun hans án þess að gjalddagi hefði verið tilgreindur. Útgáfudag hafi hins vegar verið þar að finna. Stefndi kvað sér hafa verið kunnugt um yfirdráttinn á reikninginn. Vegna vanskila á yfirdrætti greiðanda víxilsins fyllti stefnandi víxilinn út með því að tilgreina gjalddaga eins og hann hafði heimild til samkvæmt viðfestu umboði með víxlinum.

Í 1. mgr. 47. gr. víxillaga segir að þeir, sem út hafa gefið víxil, samþykkt hann eða framselt eða gerst ábyrgðarmenn að honum, beri allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart víxilhafa. Segir í 2. mgr. ákvæðisins að víxilhafa sé rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum skuldurum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þurfi eigi að fara eftir þeirri röð sem skuldbindingar þeirra eru á víxlinum. Með röð skuldbindinga er átt við að fram að því að víxill er samþykktur er útgefandi víxilskuldarinn. Ábyrgist hann bæði samþykki víxilsins og greiðslu hans. Þegar greiðandi hefur samþykkt víxilinn er

hann orðinn víxilskuldari. Framseljendur ábyrgjast einnig samþykki og greiðslu víxilsins ef þeir framselja víxilinn með áritun sinni á hann. Þá ber ábekingur, þ.e. ábyrgðarmaður víxilábyrgð gagnvart víxilhafa með sama hætti.

Víxill sá sem hér um ræðir er ekki sýningarvíxill heldur svokallaður eyðuvíxill, sbr. 10. gr. víxillaga, og til tryggingar yfirdrætti á reikning samþykkjanda víxilsins hjá sparisjóðnum. Á hann höfðu ekki verið fylltar út upplýsingar um greiðslustað en víxillinn er á stöðluðu eyðublaði sparisjóðanna með auðkenni þeirra, fjögurra laufa smára, og þar fyrir aftan er útgáfudagur hans og staður „Siglufirði 15/1 2009“. Ekki liggur annað fyrir en að hann hafi verið til greiðslu á gjalddaga hjá stefnanda þar sem vistunarstaður hans var. Stefndi bendir á að tilgreining greiðslustaðar á víxlinum sé formsskilyrði samkvæmt 5. tl. 2. gr. víxillaga. Vegna þess að það sé ekki uppfyllt sé víxilréttur stefnanda gagnvart stefnda fallinn niður fyrir vangeymslu. Úrlausn málsins lýtur þannig að því hvort fullnægjandi hafi verið að sýna víxilinn til greiðslu hjá stefnanda.

Að mati dómsins uppfyllir ofangreindur víxill formkröfur 1. gr. víxillaga. Réttur greiðslustaður tryggingarvíxilsins var hjá stefnanda og var hann nægilega tilgreindur. Samkvæmt þessu er víxilréttur ekki fallinn niður gagnvart stefndu. Hvað varðar stefnda Kára Kort var gætt 96. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Sú staðreynd að stefnandi hafi ekki gætt tilkynningarskyldu sinnar um gjaldagann gagnvart stefndu varðar ekki missi víxilréttar hans.

Með hliðsjón af niðurstöðu þessari og með vísan til 1. mgr. 130. gr. og 2. mgr. 132. gr. laga nr. 91/1991, ber stefndu að greiða stefnanda sameiginlega málskostnað, sem þykir hæfilegur 380.000 kr.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, Jóhannes Helgi Einarsson og Kári Kort Jónsson, skulu greiða stefnanda Arion banka sameiginlega (in solidum) skuld að fjárhæð 5.000.000 króna, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 5.000.000 króna frá 16. maí 2015 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda sameiginlega 380.000 krónur í málskostnað.

Sigríður Hjaltested